



Fundargerð 69. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 10. febrúar 2023, kl. 08:30 í Garði, Ráðhúsi.

Mætt eru: Fannar Jónasson (formaður), Magnús Stefánsson, Arnbjörn Ólafsson, Gunnar Axel Axelsson og Jóhann Snorri Sigurbergsson

Forföll: Hanna María Kristjánsdóttir, Berglind Kristinsdóttir, Árni Sigfússon og Kjartan Már Kjartansson

Starfsmenn: Daníel Einarsson og Þuríður Aradóttir Braun sem ritaði fundargerð

### Dagskrá fundarins:

#### 1. Stefnumótun Reykjanes Geopark.

Verkefnastjóri fór yfir ferlið með stjórnarmönnum og kynnti 4 tilboð sem bárust. Umræða var um tilboðin og verkefnastjóra og formanni falið að ganga til viðræðu við þá aðila sem fundarmenn komu sér saman um.

#### 2. Breytingar á skipan stjórnar og samþykktum Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri fór yfir málsgreinar sem þörf er að uppfæra vegna sameiningar sveitarfélaga Garðs og Sandgerðis í Suðurnesjabæ.

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktanna:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Sveitarfélagsins Voga.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.
- Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.

#### Komi eftirfarandi málsgrein:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Sveitarfélagsins Voga.
- Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Suðurnesjabæjar.
- Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.



Í 15. gr. samþykktanna er fjallað um breytingar á samþykktunum. Samkvæmt því þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi til að breytingin geti tekið gildi.

Umræða var um samþykktir jarðvangsins og ljóst að þörf er að endurskoða þær fyrir næsta aðalfund.

Lagðar voru fram tillögur að breytingum og tekið áfram til síðari umræðu á næsta stjórnarfundi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 09:40